

2. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. desember 1972.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Nr. 342.

12. desember 1972.

REGLUGERÐ**fyrir Vatnsveitu Neskaupstaðar.**

1. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar er eign Neskaupstaðar og er hún rekin í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja í kaupstaðnum, eftir því, sem við verður komið og reglugerð þessi kveður nánar á um.

Vatnsveitan er sjálfstætt fyrirtæki í rekstri Neskaupstaðar með sérstöku reikningshaldi.

Reikningar Vatnsveitu Neskaupstaðar skulu jafnan fylgja reikningum bæjar-sjóðs Neskaupstaðar til endurskoðunar og samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn Neskaupstaðar hefur æðsta vald í málefnum Vatnsveitu Neskaupstaðar og í umboði hennar annast bæjarráð yfirumsjón með framkvæmd starfa, er vatnsveituna varða.

Forstöðumaður tæknideildar bæjarins er jafnframt vatnsveitustjóri.

3. gr.

Vatnsveita Neskaupstaðar hefur einkarétt á sölu vatns í Neskaupstað og nýtingu vatnslinda í landi kaupstaðarins til vatnsnota, sbr. 1. gr.

4. gr.

Óheimilt er að spilla vatnslindum í landi kaupstaðarins með jarðraski eða mannvirkjagerð, og þess skal gætt, að grunnvatn í bæjarlandinu spillist ekki af völdum olíu eða aðrennslisefna, sem valdið geta tímabundinni eða varanlegri mengun grunnvatns.

Heimilt er bæjarstjórn að banna mannvirkjagerð eða umgang manna og búfjár á ákveðnum svæðum í landi kaupstaðarins, ef það hefur í för með sér hættu á mengun neytluvatns.

5. gr.

Hver sá, er á húseign við götu eða veg, sem vatnsæð liggur um, á rétt á að tengja vatnsæð frá henni á eigin kostnað við húsið, enda sé það reist með samþykki bygginganefndar og vatnið ætlað til heimilisþarfa.

Vatnsnot til annarra þarfa skulu jafnan leyfð með nánari fyrirmælum og skilyrðum, er vatnsveitan setur hverju sinni.

Vélar og önnur tæki, er vatn nota, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við hús eða heimæðar, nema að fengnu leyfi vatnsveitustjóra. Vatnsveitustjóri getur fyrirskipað breytingar á eldri vélum og tækjum, ef nauðsyn krefur.

Réttur húseiganda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur á götuæðum sé ávallt nægjanlegur.

Vatnsveitustjóri skal hafa umsjón með lagningu heimæða og er heimilt að krefjast þess, að öll fagvinna sé unnin af mönnum, sem fengið hafa sérstaka lögildingu til þess. Hann getur og krafist þess, að húseigendur leggi fram teikningar af vatnskerfi sínu. Hefur vatnsveitustjóri vald til þess að krefjast breytinga á uppdrætti, telji hann nauðsyn til bera.

Verði ágreiningur milli vatnsveitustjóra og húseiganda, er heimilt að skjóta honum til bæjarráðs til úrlausnar.

Húseigandi kostar viðhald á heimæð frá aðalæð og er skylt að láta gera tafarlaust við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim.

Vanræki húseigandi viðhald á vatnslögnum sínum, er vatnsveitustjóra heimilt að láta viðgerð fram fara á kostnað húseiganda.

Enginn má eyða vatni að óþörfu. Óheimilt er, án leyfis vatnsveitustjóra og slökkviliðsstjóra, að taka vatn úr brunahönum slökkviliðsins.

6. gr.

Vatnsveitustjóri hefur eftirlit með vatnsveitunni og skal hafa frjálstan aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss. Er öllum notendum skylt að fara að fyrirmælum hans um efni til vatnsæða, viðhald og lagningu þeirra, og um annað það, er lýtur að frágangi vatnslagna.

Heimilt er að loka vatnsæðum þeirra notenda, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, nota það þannig, að óþrifum og óþægindum valdi, eða vanrækja viðhald á pípum og tækjum tengdum vatnsveitunni.

7. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af vatnstruflunum, er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, eða af öðrum ástæðum.

Vatnsveitunni er heimilt, eftir því, sem ástæður leyfa og almenningsþörf krefst, að skammta vatn, einnig til heimilisnota, sé ónógt vatn fyrir hendi.

8. gr.

Vatnsskatt skal greiða af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem vatni er veitt í eða næst til vatnsæðar frá. Skal hann vera á ári kr. 750.00 á íbúð eða tilsvarendi húsnæði, og auk þess 0.1% af fasteignamati húsa og lóða.

Lágmarksvatnsskattur skal vera kr. 1 000.00 á ári.

9. gr.

Vatnsveitan getur, þar sem ástæða þykir til, selt vatnsnot samkvæmt mæli fyrir kr. 3.00 hverja smálest.

10. gr.

Fyrir tímabundin eða sérstök vatnsnot skal greiða sem hér segir, auk vatnsskatts:

- a. Vatnsnotkun í steypu til mannvirkjagerðar og iðnaðar fyrir hver 100 kg sem-entsnotkun kr. 5.00.
- b. Fyrir þvottaplön, sem rekin eru til þvotta á bifreiðum, t. d. í sambandi við eldsneytissölur, skal greiða kr. 5 000.00 á ári fyrir vatnsnotin.
- c. Fyrir vatnsnotkun í sláturhúsum skal greiða kr. 2.00 fyrir hverja slátraða sauð-kind.
- d. Fyrir vatnsnotkun við síldarsöltun skal greiða kr. 10.00 á uppsaltaða tunnu síldar. Sama gjald er fyrir tunnu af söltuðum hrognum. Fyrir sjósaltaða síld, sem

- lögð er á land til pökkunar og þæklunar, skal greiða kr. 5.00 fyrir hverja útskipaða tunnu.
- e. Fyrir vatnsnotkun til bræðslu sildar, loðnu eða annars bræðslufisks skal greiða kr. 15.00 fyrir hvert landað tonn.
 - f. Vatnsnot við fiskverkun skal greiða með kr. 25.00 á hverja smálest af innvegnum fiski.
 - g. Vatnsnot til mjólkurvinnslu skal greiða með kr. 25.00 á hverja 1000 lítra af innveginni mjólk.
 - h. Verð á vatni til skipa ákveður hafnarnefnd.
 - i. Greiðsla fyrir önnur vatnsnot, en hér eru talin, fer eftir ákvörðun bæjarráðs.

11. gr.

Gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 7. og 8. gr. er hinn sami og gjalddagi fasteignaskatts, en gjalddagi vatnsskatts samkvæmt 10. gr. er í lok hvers mánaðar eða ársfjórðungs, eftir ákvörðun vatnsveitunnar.

12. gr.

Vatnsskatt af fasteignum má taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddagann með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Heimilt er bæjarstjórn, án staðfestingar ráðuneytisins, að hækka eða lækka gjöld samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50%, hvort heldur er einstaka liði eða gjöldin í heild.

14. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið sem opinber mál.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts í Neskaupstað nr. 170 27. nóvember 1958 með síðari viðaukum.

Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um holræsi í Neskaupstað.

1. gr.

Þegar Neskaupstaður hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, er þeim húseigendum, sem þar eiga húseignir að eða í námunda við og í holræsið geta náð, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji allt skólp frá því út í aðalræsið, ásamt rigningarvatni, ef hægt er að koma því við.

Vanræki einhver að láta gera holræsi innan hæfilegs frests, sem bæjarstjóri eða bæjartæknifræðingur ákveða, getur bærinn látið vinna verkið á kostnað húseiganda.